



Fréttaskot úr skólalífinu,
september 2004. Umsjón og
ábyrgð: Már Vilhjálmsson

Menntaskólinn við Sund

GNOÐARVOGI 43, 104-REYKJAVÍK, SÍMI: 580-7300,
BRÉFSÍMI: 580-7301. HEIMASÍÐA: HTTP://WWW.MSUND.IS

STUBBUR

ÁRGANGUR 4, TBL. 1

Smælki

Undirbúningur fjárlagagerðar er í fullum gangi

Þessa dagana er verið að undirbúa fjárlagagerð næsta árs. Heyrst hefur að menntamálaráðuneytið leggi mikla áherslu á að við fjárlagagerðina verði miðað við eins nákvæma nemendatölu og unnt er. Hefur það vakið mikla athygli að þær nemendatölur sem ráðuneytið hefur fengið frá skólameisturum hafa staðist fullkomlega síðastliðin tvö ár. Því er ljóst að öruggustu heimildir um áætlaðan fjölda nemenda eru skólarnir sjálfir.

Endurskoðun skólanámsskrár

Verið er að undirbúa endurskoðun Ratsjár og hefur verið haldinn fundur með sviðstjórum þar sem m.a. var rætt um kennslustundafjölda í námsgreinum.

Nemendur við skólann

Alls eru 780 nemendur í námi við skólann. Þar af eru 395 piltar og 385 stúlkur. Á fyrsta ári eru nemendur 281. Á öðru ári eru nemendur 224 og á þriðja ári eru 157 nemendur. Nemendur á fjórða ári eru 118.

Á félagsfræðabraut eru 365 nemendur, á málabraut eru 86 nemendur og á náttúrufræðibraut eru 329 nemendur.

.....
.....

Vefsíða skólans er:
<http://www.msund.is>

Stúdentar frá Menntaskólanum við Sund árin 2003 og 2004

Unnið upp úr nýrri samantekt Sigurðar Ragnarssonar

Árið 2003 útskrifuðust 150 stúdentar frá skólanum, 64 piltar og 86 stúlkur. Fór brautskráning stúdenta fram í Háskólabíói. Það vekur athygli að þetta árið útskrifaðist enginn af latínukjörsviði

Námsbraut	Fjöldi alls	Piltar	Stúlkur
Málabraut	30	7	23
Hugvísindakjörsvið	30	7	23
Latínukjörsvið	0		
Tónlistarkjörsvið	1		1
Félagsfræðabraut	61	33	28
Félagsfræðikjörsvið	32	11	21
Hagfræðikjörsvið	29	22	7
Náttúrufræðibraut	58	24	34
Eðlisfræðikjörsvið	15	10	5
Líffræðikjörsvið	43	14	29

Tafla 1. Fjöldi útskrifaðra nemenda eftir brautum og kjörsviðum árið 2003.

málabrautar og er það í annað sinn í sögu skólans. Þá vekur það einnig athygli að námsárangur útskriftarárgangsins var sá næstbesti í sögu skólans en ef til vill ræður þar nokkru að stuðst var við nokkuð breytta aðferð við útreikninga á einkunnum.

Meðaleinkunn útskrifaðra nemenda á stúdentsprófi árið 2003 var 7,05. Hér er stuðst við vegið meðaltal einkunna og námseininga á bak við hverja námsgrein. Í töflu 2 er sýnd meðaleinkunn nemenda á hverju kjörsviði fyrir sig. Bestum árangri náðu nemendur á eðlisfræðikjörsviði 7,53 en meðaltal nemenda á hagfræðikjörsviði var lægst eða 6,72. Dreifing einkunna árið 2003 meðal útskrifaðra stúdenta er athyglisverð. Það eru 7 nemendur sem fengu ágætiseinkunn (9 eða hærra) sem gerir 4,7 % útskrifaðra stúdenta þetta árið. Með fyrstu einkunn voru alls 58 nemendur eða 38,7% útskrifaðra nemenda og af þeim voru 19 nemendur með meðaleinkunn á bilinu 8-8,9. Aðra einkunn fengu alls 59 nemendur eða 39,3% útskrifaðra nemenda og þriðju einkunn fengu alls 26 nemendur (17,3%).

Kjörsvið	Meðaleinkunn
Hugvísindakjörsvið	6,96
Félagsfræðikjörsvið	7,15
Hagfræðikjörsvið	6,72
Líffræðikjörsvið	7,07
Eðlisfræðikjörsvið	7,53

Tafla 2. Meðaleinkunn árið 2003 eftir kjörsviði.

Meðaltal nemenda á félagsfræðikjörsviði árið 2003 er það hæsta í sögu skólans og hlutfall nemenda með fyrstu einkunn, eða hærra, er 43,7% sem er það næst hæsta í sögu skólans.

Árið 2004 útskrifuðust 134 nemendur, piltar voru 56 og stúlkur voru 78. Fór brautskráning stúdenta fram í Borgarleikhúsinu. Það er eftirtektarvert að þetta er fámennasti stúdentshópur sem brautskráður hefur verið frá skólanum. Árið 2000 var var brautskráður næstfámennasti hópurinn, 137 nemendur.

Framhald á næstu síðu →



Þegar skipting brautskráðra nemenda á námsbrautir og kjörsvið innan þeirra er skoðuð kemur í ljós að val nemenda bæði á námsbraut og kjörsvið er kynbundið. Fleiri stúlkur sækja á málabraut en piltar en

Námsbraut	Fjöldi alls	Piltar	Stúlkur
Málabraut	16	4	12
Hugvísindakjörsvið	13	4	9
Latínukjörsvið	3		3
Félagsfræðibraut	55	23	32
Félagsfræðikjörsvið	42	15	27
Hagfræðikjörsvið	13	8	5
Náttúrufræðibraut	63	29	34
Eðlisfræðikjörsvið	19	16	3
Líffræðikjörsvið	37	9	28
Umhverfiskjörsvið	7	4	3

Tafla 3. Fjöldi útskrifaðra nemenda eftir brautum og kjörsviðum árið 2004.

kynbundni munurinn er mestur þegar fjöldi brautskráðra nemenda er skoðaður á hverju kjörsviði fyrir sig. Þannig sækja stúlkur frekar á félagsfræðikjörsvið en piltar en síður á hagfræðikjörsvið. Stúlkur eru einnig, bæði árið 2003 og 2004, mun fjölmennari en piltar á líffræðikjörsviði. Þá eru piltar bæði árin tvöfalt fleiri en stúlkur á eðlisfræðikjörsviði. Árið 2004 útskrifast í fyrsta sinn nemendur frá skólanum af náttúrufræðibraut, umhverfiskjörsviði, 4 piltar og 3 stúlkur.

Meðaleinkunn útskrifaðra nemenda á stúdentsprófi árið 2004 var 7,03 en það er nánast sama meðaleinkunn og árið á undan. Hæsta meðaltalið er eins og árið 2003 hjá nemendum á eðlisfræðikjörsviði, 7,56 en lægsta meðaltalið er hjá nemendum á félagsfræðikjörsviði, 6,66. Nemendur á latínukjörsviði, sem reyndar voru aðeins 3 talsins eru með nánast sama meðaltal, 6,67.

Mikil dreifing einkunnna árið 2004 er athyglisverð. Þannig voru 7 nemendur með ágætiseinkunn (9 eða herra) sem er 5,2% útskrifaðra nemenda. Með fyrstu einkunn voru alls 42 eða 31,4% brautskráðra stúdenta og þar af var 21 nemandi eða 15,7% með einkunn á bilinu 8-8,9. Árið 2004 voru 63,4% brautskráðra stúdenta með aðra eða þriðju einkunn, af þeim voru 62 (46,2%) með aðra einkunn og 23 (17,2%) með þriðju einkunn.

Fjármál

Fjármál skólans eru sífellt áhyggjuefni. Menntaskólinn við Sund fær á fjárlögum lægsta framlag allra hefðbundinna framhaldsskóla en hefur þó engu að síður tekist að halda rekstrinum nokkurn veginn í jafnvægi. Smávægilegur halli varð þó á rekstrinum síðastliðið ár og ýmislegt bendir til þess að reksturinn í ár verði afar erfiður. Þar veldur helst áhyggjum að enn hefur skólinn ekki fengið fjármagn fyrir auknum fjölda nemenda. Haldið er í þá von að úr rætist fljótlega og ekki síðar en með afgreiðslu fjárukalaga.

Skólinn er 35 ára

35 ára afmælinu ætlum við að fagna með ýmsum hætti í vetur. Við eignuðumst nýjan skólasöng í vor og liður í afmælishaldinu er að allir læri að syngja hann. Þá verða í vetur ýmsar uppákomur en hápunktur hátíðarhaldanna verður þemavika um skólann.

Starfsmenn við skólann

Námsráðgjöf

Við skólann starfa tveir vel menntaðir námsráðgjafar í 1,5 stöðugildi. Björk Erlendsdóttir veitir námsráðgjöfinni forstöðu en með henni í ráðgjöfinni er Valgerður Halldórsdóttir. Auk allrar almennrar námsráðgjafar sinna þær einnig nemendum með sér tækja námsörðugleika. Starfið í ráðgjöfinni er mjög öflugt og er reglulega boðið upp á prófkviðanámskeið, sjálfstyrkingarnámskeið þar sem áherslan er á nemendur í brottfalls-hættu.

Myndmennt

Myndmenntarkennsla hér við skólann er í höndum Sjafnar Guðmundsdóttur, myndmennta- og lífsleiknikennara. Undanfarin ár hafa nemendur hennar sýnt afrakstur vinnu sinnar hér á göngum skólans. Þá fékk skólinn að gjöf glæsilegt mósaikverk árið 2003 sem hangir uppi í skrifstofubýggingu skólans. Myndin hér að neðan er verk eins nemanda í myndlistavali hjá henni vorið 2004.



Menntaskólinn við Sund

sími: 580-7300, bréfasími: 580-7301

netfang: msund@msund.is
vefsíða: <http://www.msund.is>